

ir þá sök að vikja frá beinum og ótviræðum orðum í Litla Lambhagabréfinu um þetta.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjanda landamerkjadóm, að því er snertir ákvæði hans um veiðiréttinn, en með því að dómurinn var ekki bær um að dæma um 380 króna leigugjaldskröfu stefnda verður að fella úr gildi sýknuákvæði dómsins og visa áminstri kröfu frá merkjadóminum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Sýknuákvæði dómsins ómerkist og visast leigugjaldskröfunni frá landamerkjadómnum. Að öðru leyti staðfestist téður dómur. Áfrýjandi Sigurður Sigurðsson greiði stefnda Gísla Gíslasyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. maí 1918.

Nr. 16/1918.

Réttvisin
gegn
Jónatan Jónssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 22. nóv. f. á., var ákærði Jónatan Jónsson frá Bergstöðum í Hallárdal í nefndri sýslu dæmdur samkvæmt 250. sbr. 249 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin 10 kr. málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans fyrir aukaréttinum, Ólafs bónda Björnssonar á Árbakka, og ennfremur til að greiða Skefilsstaðahreppi iðgjald, 11 kr. — Þessum dómi er af réttvísinnar hálfu skotið til yfirdómsins.

Það er með játuingu ákærða og öðrum skýrslum löglega sannað, að hann hafi haustið 1914 heimildarlaust kastað eign sinni á mórautt gimbrarlamb. Ákærði dvaldi þá í Hvammi í Laxárdal í Skagafjarðarsýslu, en taldi heimili sitt á Bergstöðum í Hallárdal. Áminzt gimbrarlamb kom saman við heimafé í Hvammi eftir réttir, og var með því nokkurn tíma, var nokkrum sinnum rekið heim með fénu í fjárrétt eða hús; hafði ákærði tekið eftir lambinu, skoðað það tvisvar eða þrisvar og athugað, að það var ómarkað á eyrum, en með hornamarki stúfrifað hægra og sneiðrifað aftan vinstra. Þegar féð var rekið heim að Hvammi fyrir hreppaskil í Skefilsstaðahreppi tók ákærði lambið þar sem það var í húsi saman við annað fé, og breytti hornamarkinu á því þannig, að það varð hans mark rétt; vissi hann að hann átti eigi lambið og hann kveðst eigi hafa markað það á eyrum, af því að hann var þá eigi fullráðinn í því

að kasta eign sinni á það. — En á hreppaskilunum, þá er lambinu skyldi ráðstafað sem óskilakind, gaf ákærði sig fram og gerði tilkall til lambsins, er hann taldi vera sína eign; kvað hann það vera undan á, er hann ætti á Bergstöðum og hafa verið dregið sér og hornmarkað sínu marki í Þverárrétt af mönnum, er hann nafngreindi; var lambinu þá slept við hann, en hreppstjórinn sagði honum að hafa votta við, ef hann markaði sér lambið, og að hann mætti eigi farga því fyr en hann hefði fengið vottorð þeirra manna, er dregið hefðu og markað honum það, um að skýrsla hans væri rétt. Eftir hreppaskilin sendi ákærði lambið til slátrunar til Sauðárkróks og hagnýtti sér andvirði þess. Það sést eigi að mat á lambinu hafi farið fram við rannsóknina, en í dómnum er það talið hæfilega metið á 11 kr. og er sú upphæð dæmd Skefilsstaðahreppi í iðgjöld, en með því engin krafa í þá átt hefir komið fram frá nefndum hreppi eða öðrum, verður ekkert dæmt um iðgjöld í þessu máli.

Ákærði er fæddur 20. ágúst 1891 og hefir með aukaréttardómi Húnavatnsýslu, uppkveðnum 25. apríl 1908, verið dæmdur samkvæmt 250., 249. og 230. gr. almennra hegningarlaga í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi; svo hefir hann og verið sektaður 30. des. 1914 í Skagafjardarsýslu um 30 kr. fyrir ólöglega lausamensku. Framangreint brot ákærða ber að heimfæra undir 253. gr. hegningarlaganna og þykir hæfilegt að honum sé refsað fyrir það með fangelsi við vatn og brauð 3×5 daga. Ákærða ber að greiða allan kostnað við rannsókn og rekstur málsins í héraði, eins og ákveðið er í dómnum, svo

og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin mál-færslulaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Rannsókn máls þessa hefir orðið mjög seinfara; hún hófst í Skagafjarðarsýslu 24. okt. 1914, en 6. marz 1915 tók sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu við og lauk henni 7. ág. 1917. Á þessu tímabili var ekkert gert í málinu frá 12. marz til 23. nóv. 1915, frá 15. des. 1915 til 30. des. 1916, og frá síðastnefndum degi til 5. júní 1917. Dómarinn hefir samið itarlega skýrslu til réttlættingar þessum drætti, og talið það til afsökunar, að hann slasaðist haustið 1915 og var litt eða eigi ferðafær um veturinn, og að mörg embættisstörf, »er eigi mátti fresta« hafi kallað að. Þessar afsakanir verða þó eigi taldar fullnægjandi og einkum verður það eigi séð, að eigi hafi mátt fresta ýmsum störfum, sem talin eru á skýrslunni, til að flýta rannsókninni. Það verður því að átelja hinn langa drátt á málinu, en eftir atvikum þykir eigi alveg næg ástæða til að sekta dómaraann fyrir hann.

Það vottast að sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jónatan Jónsson sæti 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfir-

dóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. maímánaðar 1918.

Nr. 10/1918.

Sveinn Björnsson f. h.
Brunabótafélags Íslands.
gegn
Guðrúnu Þórðardóttur.

D ó m u r :

Með bréfi til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 4. des. f. á., beiddist umboðsmaður Brunabótafélags Íslands á Suðureyri við Súgandafjörð þess, að iðgjald til Brunabótafélagsins fyrir váttryggingu húseigna hinnar stefndu Guðrúnar Þórðardóttur á Suðureyri, að upphæð 52 kr. 66 au. og fallið í gjalddaga 15. okt. næst á undan, væri tekið lögtaki, en með úrskurði uppkveðnum 22. jan. þ. á. neitaði sýslumaður að taka lögtaksbeiðnina til greina af þeim sökum, að að hús þau, sem umgetur í lögtaksbeiðninni, séu eigi á verzlunarlóð á Suðureyrarmölum og þannig aðgreind frá bygðinni, að engin brunahætta stafi þaðan, og verði því eigi lítið svo á, að hús þessi falli undir 3. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi Sveinn Björnsson, framkvæmdarstjóri Brunabótafélags Íslands, fyrir þess hönd skotið